

42.tbl.

1. des. 2021

28 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Language cafe / Tungumálakaffi

Do you want to meet new people and get to know different cultures? Ask about Christmas traditions amongst people living in the area? Practice your Icelandic with a local?

The language cafe will be held in **Skjólbrekka** the **1st of December from 16:30 – 18:00**. We encourage everyone to show up, Icelanders as well as foreigners. Kids are welcome.

Langar þig að kynnast nýju fólki og fræðast um ólíkar menningar? Kynnast jólahefðum fólks sem býr á svæðinu? Æfa þig að tala íslensku við íslenskumælandi?

Tungumálakaffið fer fram í **Skjólbrekku 1. desember frá kl. 16:30 - 18:00**. Við hvetjum alla til að mæta; Íslendinga og íbúa af erlendum uppruna. Börn velkomin.

Skútustaðahreppur, Þekkingarnet Þingeyinga and Gjallandi



# Ársfundur Gaums

Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda –  
breytt landnotkun og orkuskipti bílafötans

Sel Hótel Mývatn  
2. desember kl. 12–14

- 12:00 **Léttur hádegisverður**
- 12:20 **Setning fundar**  
Jóna Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun
- 12:25 **Um Gaum**  
Helena Eyðis Ingólfssdóttir,  
verkefnastjóri hjá bekkingarneti Þingeyinga
- 12:35 **Tækifæri í bindingu gróðurhúsalofttegunda með breytti landnotkun**  
Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps
- 12:55 **Nýsköpun í norðri og uppgræðsla lands**  
Sigurlína Tryggvadóttir, verkefnisstjóri „Rúllupp“
- 13:15 **Þróun bílafóta á vöktunarsvæði Gaums og vistvænni samgöngur**  
Sigurður Ingi Friðleifsson, forstjóri Orkuseturs

13:35 **Umræður**

14:00 **Fundarlök**

Fundarstjóri – Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið [gaumur@gaumur.is](mailto:gaumur@gaumur.is) og tilgreinið hvort þið mætið í fjarfund eða verðið með á staðfund



*Jarðböðin við Mývatn verða lokuð*

*föstudaginn 3. desember næstkomandi og opna*

*aftur kl. 15:00 laugardaginn 4. desember.*

*Bestu kveðjur úr Jarðböðunum*



## **309. fundur Sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Seiglu fimmtudaginn 25. nóvember kl. 13:00**

Fundarmenn

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Einar Örn Kristjánsson, Sigurbjörn Árni Arngríms-son og Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri

### 1. Fjárhagsáætlun 2022-2025: Fyrri umræða - 2109005

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2022-2025 tekin til fyrri umræðu. Sveitarstjóri fór yfir áætlunina ásamt skrifstofustjóra sem sat fundinn undir þessum lið. Einnig lögð fram fjárfestingaáætlun ásamt viðhaldsáætlun í eignasjóði, leiguíbúðum og veitum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun 2022-2025 til síðari umræðu.

### 2. Gjaldskrár 2022 - 2111017

Gjaldskrár Þingeyjarsveitar 2021 teknar til fyrri umræðu. Almennt er ekki gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum umfram verðlagshækkunir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa gjaldskrár 2022 til síðari umræðu.

### 3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021 - 2106003

Lagðir fram viðaukar við fjárhagsáætlun 2021, fjárframlag til Mývatnstofu kr. 4.000.000 og fjárframlag til Nýsköpunar í norðri (NÍN) kr. 11.000.000 sem er hluti aðgerða sveitarstjórnar vegna COVID-19.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða viðauka, annars vegar kr. 4.000.000 og kr. 11.000.000, samtals kr. 15.000.000 sem rúmast innan

gildandi fjárhagsáætlunar 2021.

#### 4. Brunavarnarnefnd: Fundargerð - 1809018

Lögð fram fundargerði 34. fundar Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 24.11.2021. Oddviti gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina fyrir sitt leyti og vísar henni til gerðar fjárhagsáætlunar 2022-2025.

#### 5. Landspilda sveitarfélagsins við Illugastaðarétt: Erindi - 2111018

Tekið fyrir erindi frá Jóni Þóri Óskarssyni og Hlíf Guðmundsdóttur, dags. 9.11.2021 þar sem óskað er eftir kaupum á hluta eða allri landspildu í eigu sveitarfélagsins við Illugastaðarétt vega fyrirhugaðrar byggingar íbúðarhúss.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við skipulagsfulltrúa.

#### 6. Stígamót: Fjárbeiðni fyrir árið 2022 - 2111010

Fyrir fundinum liggur bréf frá Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, talskonu Stígamóta, dags. 03.11.2021 þar sem skorað er á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með þeim. Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn með fjárframlagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Stígamót um 100.000 kr. og vísar til fjárhagsáætlunar 2022 þar sem gert er ráð fyrir styrknum.

#### 7. Þjónustusamningur milli Þingeyjarsveitar og SSNE - 2111019

Lögð fram drög að samningi milli Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE og Þingeyjarsveitar vegna áfangastaðastofu. Samningur þessi leysir af hólmi samning sem Markaðsstofa Norðurlands hefur gert við sveitarfélagið undanfarin ár vegna þjónustu sinnar.

Samningsdrögin byggja á, annars vegar samningu SSNE og SSNV við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um stofnun og starfsemi áfangastaðastofu og hins vegar þjónustusamningur SSNE við Markaðsstofu Norðurlands sem annast mun hlutverk áfangastaðastofu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög og felur sveitarstjóra

að skrifa undir samning við SSNE.

8.Skýrsla sveitarstjóra - 1903026

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu vikur.

9. Vatnajökulsþjóðgarður: Fundargerð - 1810004

Fundargerð 85. fundar svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Lögð fram til kynningar.

10. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE):  
Fundargerð - 2002017

Fundargerð 31. fundar stjórnar SSNE.

Lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:30.





## **Aðventukvöld á Grenjaðarstað**

Stefnt er á að halda aðventukvöld á Grenjaðarstað föstudaginn 10. desember kl. 20:30. Öflugur kirkjukór hefur æft vel undir stjórn Szebik Attila. Ræðumaður verður Kristinn Ingi Pétursson. Vegna Covid 19 verður ekki kaffi á eftir. Rétt er þó að taka fram að þegar þetta er ritað ríkir óvissa um hvaða samkomutakmarkanir verða í gildi 10. desember. Þess vegna er í raun óvíst hvort unnt verður að halda þetta aðventukvöld eða nákvæmlega með hvaða hætti. Ætlunin er að auglýsa nánar síðar hvað úr verður, a.m.k. á „VIÐBURÐIR Í ÞINGEYJAR-SVEIT OG NÁGRENNI“ á Facebook — og hugsanlega víðar.

Séra Þorgrímur.

## **Aðventukvöldi á Einarstöðum aflýst**

Aðventukvöldi sem vera átti á Einarstöðum  
5. desember næstkomandi er aflýst.

Séra Þorgrímur.



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Síðasta Hlaupastelpan ársins 2021 verður gefin út 15. desember nk. og vilji menn birta jólakveðjur í ár þarf að skila þeim inn **fyrir 13. desember .**

### Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 3.850.– m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 5.000.m vsk.
jólakveðja	kr. 2.950.– m.vsk

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>



# Jólamarkaður í Skjólbrekku

laugardaginn 4. desember

frá kl 12:00 - 16:00

Handverk, jólasteikin, jólagjafirnar og margt fleira!  
Kvenfélag Mývatnssveitar selur kaffi, kakó og með því. Allir velkomnir!

## Opnunarhátíð Jólaveinanna í Dimmuborgum

laugardaginn 4. desember

kl 11:00 - 13:00

6 ára og eldri greiða 1.500kr í Grýlusjóð miðasala á [tix.is](http://tix.is). Takmarkaður miðafjöldi.

## Jólaveinarnir í Dimmuborgum

taka á móti gestum vel valda daga

í desember frá kl 11:00 - 13:00

6 ára og eldri greiða 1.500kr í Grýlusjóð miðasala á [tix.is](http://tix.is). Takmarkaður miðafjöldi.

*Sjáumst í hátíðarskapi!*

*Mývatnssveit, töfraland jólanna*

[www.yulelads.is](http://www.yulelads.is)

[www.visitmyvatn.is](http://www.visitmyvatn.is)

